



Borgarráð

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun á reglum og samþykktum vegna spilakassa - umsögn

Á fundi borgarráðs þann 25. mars sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að ráðist verði í endurskoðun á reglum og samþykktum borgarinnar með það að markmiði að koma í veg fyrir rekstur spilakassa og skaðlegar afleiðingar slíks reksturs. Spilafíkn veldur miklum samfélagslegum skaða. Þrátt fyrir það eru reknir spilakassar á Íslandi, bæði í sjoppum og á veitingastöðum og einnig í sérstökum spilasölum. Ekki þarf að leita lengra en á Lækjartorg til að finna slíkan. Undanfarið hefur skapast mikil umræða um rekstur spilakassa og hvort rétt sé að banna slíkan rekstur. Sú umræða hefur skapast fyrir tilstilli Samtaka áhugafólks um spilafíkn sem hafa staðið fyrir áttakinu Lokum.is, en frekari upplýsingar má finna á vefsíðu með sama nafni. Samtökin hafa dregið fram reynslusögur spilafíkla og aðstandenda þeirra sem sýna svart á hvítu hve miklum skaða spilafíkn veldur samfélaginu.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Um rekstur spilakassa gilda lög nr. 38/2005 um happdrætti og lög nr. 13/1973 um happdrætti Háskóla Íslands. Þar kemur fram að ráðherra getur heimilað að við happdrættisstarfsemi séu notaðar sérstakar happdrættisvélar þannig að þátttaka, ákvörðun um vinning og greiðsla á honum fari fram vélrænt og samstundis og enn fremur að slíkar happdrættisvélar séu samtengdar, einstakar vélar og á milli sölustaða.

Í tillögu Flokks fólksins er lagt til að Reykjavíkurborg endurskoði reglur og samþykktir borgarinnar með það að markmiði að koma í veg fyrir rekstur spilakassa. Reykjavíkurborg hefur ekki sett sér reglur né samþykktir um rekstur spilakassa sem unnt er að endurskoða með þeim markmiðum sem fram koma í tillögunni, enda er um að ræða starfsemi sem er heimiluð með lögum. Þó skal bent á að í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er að finna sérstök

ákvæði um staðsetningu spilasala og er einungis heimilt að reka slíka starfsemi á miðsvæðum og athafnasvæðum í Reykjavík.

Í ljósi ofangreinds er mælt er með því að tillögunni verði vísað frá.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar